



Reykjavík 19. september 2020

Efni: Þrif í grunn- og leikskólum og í frístundastarfi í kjölfar samkomubanns- neyðarstig

Í ljósi samkomubanns eru nokkur atriði sem skólastjórnendur þurf að huga að:

- Fylgja þarf þeirri fjöldatakmörkun sem er í gildi hverju sinni meðal nemenda hópsins. Koma þarf í veg fyrir blöndun eins og kostur er.
- Tryggja eins og kostur er að nemendur í leikskólum séu í sem minnstu hópum og aðskilin.

Embætti Landlæknis leggur áherslu á aukin þrif og veitir eftirfarandi leiðbeiningar:

Daglega þarf að strjúka með sápuvatni eða sótthreinsiefni í klút yfir:

- Hurðahúna.
- Hurðalæsingar.
- Sjálfvirka hurðaopnara.
- Ljósarofa.
- Handrið.
- Lyftuhnappa.
- Snertiskjái.
- Lyklaborð.
- Tölvumýs.

Gólfþrif séu eins og venjulega.

Þrif á leikföngum

Þetta er eilífðarvandamál, ekki bara á COVID tímum. Komi upp smit á heimili barns sem er á leikskóla, þarf að:

- Taka öll leikföng sem hægt er að setja í uppþvottavél og þvo.
- Þrifa það sem hægt er að þrifa.
- Börn sem komin eru í sóttkví koma ekki í skólann, frístundastarf eða í leikskóla.

Almennt

Hafa sem minnst af leikföngum í umferð í einu, þrifa þegar skipt er um (t.d. Lego á mánudegi sem er þvegið á þriðjudegi og þá er eitthvað annað notað í staðinn), þrifa leikföng milli hópa ef um hópaskipt starf er að ræða.

Frekari upplýsingar um þrif er að finna á bls. 6 í eftirfarandi skjali, leiðbeiningar til framlínu stafsmanna, ef upp kemur smit og að þrifa þarf sérstaklega vegna þess.

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningar-framl%C3%ADnustarismenn%2010032020_KSJ-IM.pdf

Hér má finna nánari upplýsingar um samkomubann <https://www.covid.is/flokkar/hvad-thydir-samkomubann> og ítarlegar upplýsingar varðandi COVID er að finna hér <https://www.covid.is/>.